



Aðalfundur á landssambandsþingi DKH 5. maí 2013 að Hótel Heklu

1. Setning þingsins

Kristín Jóhannesdóttir Alfa deild formaður menntamálanefndar kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi og forseti, Sigríður Ragna Sigurðardóttir, setti þingið.

a) Kosning fundarstjóra: Stungið upp á Sigrúnu Jóhannesdóttur sem fundarstjóra og hún samþykkt af fundarmönnum.

b) Kosning tveggja fundarritara:

Stungið upp á Árnýju Elíasdóttur úr Gammadeild og Ágústu Guðmundsdóttur úr Alfa deild og þær samþykktar af fundarmönnum.

Fundarstjóri sagði aðalfund mjög mikilvægan í okkar starfi og hefði verið gaman að sjá fleiri DKG konur. Á fundinum voru um 50 af þeim 300 konum, sem eru í samtökunum. Hún þakkaði Epsilon konum fyrir góðan undirbúning og vel heppnað þing.

2. Ávarp frá alþjóðafulltrúa DKG, Dr. Lyn Schmid, Ed.D

Dr. Schmid þakkaði Landssambandinu fyrir þingið og sagðist vera mjög hrifin af hve faglegt það væri. Hún kynnti sjálfa sig en hún hefur m.a. unnið sem markþjálfari (couch) fyrir nýja skólastjóra í Pennsylvaníu og var fyrsti hvíti kennarinn í skóla fyrir börn af afrísk-amerískum uppruna. Hún hefur einnig tekið þátt í að meta skólastarf. Hún sagði íslenskar konur virkar og vel kynntar í alþjóðasamfélginu. Vefsíða DKG á Íslandi væri góð og auðvelt að fara um hana. Íslenskar konur hafa hlotið 35.000 dollara í skólastyrki frá alþjóðasamtökunum og Svana Friðriksdóttir í Gammadeild fær Evelyn Miller Scholarship árið 2013. Dr. Schmidth hvatti konur til að sækja áfram um styrki. Fjórar íslenskar konur hafa tekið þátt í Golden Gift stjórnendanámskeiðum á vegum alþjóðasamtakanna.

Dr. Schmidth talaði um að deildirnar væru hjarta samtakanna og félagarnir blóðið. Deildirnar gætu tekið inn nýja félaga hvenær sem þær vildu. Hún hvatti DKG til að nýta sér netið og upplýsingamiðla til að deila m.a. því sem vel gengi. Hún minnti okkur á að við værum samtök kvenna í lykilstöðum hvað varðar menntun í samfélaginu.

3. Skýrsla stjórnar – umræður

Landssambandsforseti Sigríður Ragna Sigurðardóttir lagði fram skýrslu stjórnar.

Umræður um skýrslu stjórnar

Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild, þakkaði fyrir frábært starf s.l. tvö ár. Hún sagðist vilja fá umræðu um fjölgun deilda. Spurði, hvort sé tækifæri til að stofna nýja deild þ.e. hvenær við séum komnar á þann punkt að við viljum bæta við deild. Ingibjörg Einarsdóttir, Gammadeild, sagðist taka undir orð Sigrúnar Klöru um starfið s.l. tvö ár. Hún sagði að við mættum aldrei að sofna á verðinum með fjölgun deilda. Tvö ár taki að

undirbúa stofnun nýrrar deildar og sagðist hún hvetja nýja stjórn til að huga að þessu. Margrét Jónsdóttir, Gammadeild, þakkaði störf fráfarandi stjórnar. Hún þakkaði Ingibjörgu fyrir öflugt starf við að fjölga deildum. Hún sagði að sér hefði fundist gott að koma inn í deild. Pálína Jónsdóttir, Gammadeild, þakkaði Sigríði og fráfarandi stjórn. Hún þakkaði fyrir þingið þar sem margt áhugavert hefði komið fram. Mikilvægt sé að koma efni þingsins á framfæri. Mikil umræða hefði frá upphafi verið um að koma samtökunum betur út í samfélagið.

Formaður félaga- og útbreiðslunefndar, Elínborg Sigurðardóttir Epsilon deild kynnti nýja deild fyrir norðan. Þar hefði landfræðileg fjarlægð skapað vandamál. Hún sagði að hugsa þyrfti um að fá fleiri konur virkar í núverandi deildum en einnig þurfi að huga að fjölgun deilda. Stjórnin þurfi að taka ákörðun um það. Hún vakti athygli á félagatali inni á vefnum sem hægt er að prenta út. Handbókin eins og hún lítur út í dag er einnig aðgengileg á vefnum. Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Alfadeild, þakkaði fráfarandi stjórn. Hún sagðist hlynnt því að fjölga deildum og tæki undir að styrkja þyrfti nýjar deildir mjög vel. Hún benti á að Sigrún Jóhannesdóttir, Delta deild, hefði verið til aðstoðar nýjum deildum. Vel þyrfti að vanda dagskrá og fundasköp. Hún nefndi að á alþjóðaráðstefnunni í New York hefði t.d. verið að námskeið í fundasköpum.

Soffía Vagnsdóttir, Iotadeild, þakkaði frábæran tíma á þinginu. Hún sagði að rætt hefði verið um fyrir vestan að vinna að því að stofna deild á Suðurfjörðum Vestfjarða. Hún sagði frá því að búið væri að setja í gang nefnd á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna lágs menntunarstigs á Norðvesturlandi. Hún vildi sjá hugmyndir DKG til að finna nýjar leiðir til að mæta þessu og kallar eftir stuðningi DKG til að styrkja menntunarstig á svæðum þar sem það er lágt. Mikilvægt væri að nota netið til að deila. Fundarstjóri sagði hugmynd Soffíu skemmtilega hugmynd að viðfangsefni DKG.

Minning látinna félaga

Sigríður Valgeirsdóttir
Guðrún Halldórsdóttir
Valborg Sigurðardóttir
Kristín Steinarsdóttir

4. Skýrslur nefnda

Skýrslur nefnda voru ekki kynntar - vísað í bækling sem lá frammi á þinginu og á heimasíðu DKG

http://dkg.muna.is/static/files/skjol_landsamband/skyrslur_vor_2013.pdf

5. Skýrslur deilda

Skýrslur deilda voru ekki kynntar – vísað í bækling sem lá frammi á þinginu og á heimasíðu DKG

http://dkg.muna.is/static/files/skjol_landsamband/skyrslur_vor_2013.pdf

6. Fjármál: Reikningar lagðir fram – umræður

Guðbjörg Sveinsdóttir gjaldkeri þeta deild fór yfir reikninga Landssambandsins frá 2011-2013. endurskoðaða af Sigríði Johnsen, Margréti Sigurðardóttur og forseta. Reikningur var neikvæður fyrir tímabilið um kr. 463.621. Félagsgjöld eru einu tekjur sambandsins.

Um 65% af þeim fara til alþjóðasamtakanna. Prentkostnaður hefur lækkað og prentun að mestu dottið út en ferðakostnaður hefur hækkað mikið svo og öll aðföng. Þá hafa styrkir hækkað þar sem fleiri konur sækja þing erlendis. Vorþingin standa hins vegar allaf undir sér. Eignir eru 1,3 milljónir. Félagar DKG voru 293 árið 2011, 321 árið 2012 og 316 árið 2013. 13 eru í leyfi.

Umræður:

Sigrún Klara spurði gjaldkera hvernig hægt væri að draga úr kostnaði. Gjaldkeri sagðist ekki hafa stórar áhyggjur þar sem reikningur hefði „rokkað upp og niður“ en auðvitað væri ekki gott að væri tap. Aukinn kostnaður lægi aðallega í ferðakostnaði vegna mikillar hækkunar á þeirri þjónustu. Rætt var um að félagskonur velji sem ódýrust flugfargjöld. Fráfarandi forseti sagði mikilvægt að formenn mæti á framkvæmdaráðsfundi en e.t.v. mætti nota Skypíð betur. Nýja fjárhagsáætlun ætti að leggja fyrir fund framkvæmdaráðs.

7) Ályktanir og tillögur

Ingibjörg Einarsdóttir lagði fram tillögu um að árgjald verði hækkað um 2000 kr. Gjaldið væri lágt og við værum of kvenlegar í rekstrinum. Hún nefndi dæmi um mun herra árgjald í öðrum félögum. Ingibjörg sagði mikilvægt að hugsa um að rekstur DKG sé bæði innanlands og utan.

Sjöfn Sigurbjörnsdóttir sagðist ósammála tillögunni. Við gætum ekki hækkað gjaldið á þessu stigi vegna ástands í samfélaginu. Yrði ekki vinsælt á þessu ári en gætum hækkað næst um 5000. Auður Torfadóttir sagði mikið til í orðum Ingibjargar en ákvörðunin yrði að haldast í hendur við deildirnar. Framkvæmdaráðið þyrfti að ræða þetta sbr. lög. Ekki bara gjaldið heldur ýmislegt annað sem tengist starfseminni. Ingibjörg sagðist hafa talið að aðalfundur samþykkti breytingar á árgjaldi. Gjaldkeri benti á að ef samþykkja ætti tillögu þyrfti hún að vera komin fram áður og því verði ekki tekin ákvörðun nú. Mikilvægt væri að ræða í deildunum og vilji deildanna komi fram á framkvæmdaráðsfundum. Soffía Vagnsdóttir sagði mikilvægt að kynna hækkun árgjalds á grundvelli þess að við séum að styrkja starfið. Fráfarandi formaður lagði til að málinu yrði vísað til næsta framkvæmdaráðs. Kristín Jóhannesdóttir, formaður menntamálanefndar, sagðist hafa fengið þau skilaboð að innanfélagskonum sé ekki greitt og þær borgi þátttökugjald. Gjaldkeri sagði að stundum hafi verið greitt fyrir eldsneyti en meginreglan sé sú að innanfélagskonur séu sjálfbóðaliðar. Hún sagði deildirnar mega hækka sitt gjald eins og þeim sýndist.

Fundarstjóri ræddi um að lögin væru ekki nógu skýr. Gestur fundarins, **Dr. Lyn Babb Schmidt**, annar varaforseti alþjóðasamtakanna sagði að málið ætti að taka fyrir á fundi að undangenginni umræðu í framkvæmdaráði. Fundarstjóri kom með eftirfarandi tillögu: *Að tillaga um árgjaldshækkun komi frá framkvæmdaráði að undangenginni umræðu innan allra deilda sem síðan verði tekin fyrir á aðalfundi DKG eftir tvö ár. Tillaga samþykkt með meirihluta.*

8. Uppstilling og kosningar

Ingibjörg Einarsdóttir, formaður uppstillingarnefndar, gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar. Nefndin hafði samband við formenn í október 2012 og hvatti þá til að fá

konur sem væru búnar að vera í stjórn deildar til að bjóða sig fram í stjórn og nefndir landssambands. Það gekk vel og ekki þurfti að ganga á eftir tilnefningum. Allar deildir tilnefndu nema þær tvær nýjustu enda ekki ætlast til þess.

a) Kosning forseta landssambands

Nafn Guðbjargar Sveinsdóttur, Betadeild, var borið upp til atkvæða og hún kosin forseti DKG með öllum greiddum atkvæðum.

b) Kosning annarra stjórnarmanna landssambands

Aðrir stjórnarmenn landssambandsins voru kjörnir:

Sigríður Ragnarsdóttir, lotadeild, 1. varaforseti

Kristrún Ísaksdóttir, Gammadeild, 2. varaforseti

Marsibil Ólafsdóttir, Kappadeild, meðstjórnandi

Þorgerður Sigurðardóttir, Betadeild, ritari

c) Uppstillingarnefnd var kjörin:

Ingibjörg Einarsdóttir, Gammadeild

Ingibjörg Aðunsdóttir, Betadeild

Marta Guðjónsdóttir, Alfadeild

d) Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir:

Jensína Valdimarsdóttir, Deltadeild

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, Alfadeild

9. Laga- og reglugerðarbreytingar

Auður Torfadóttir, Eta deild, er formaður laganefndar

Þar sem fram kom á fundinum að lögin væru óljós um ákvörðun árgjalds væri ljóst að lögin þyrfti að endurskoða varðandi þann þátt. Um 50 konur sátu fundinn. Tvo þriðju hluta atkvæða þarf til að samþykkja. Samþykkt. Enginn á móti.

10) Önnur mál.

Ingibjörg Jónasdóttir var á landssambandsþingi í Osló fyrir hálfum mánuði. Glæsilegur fundur að hennar mati. Í Noregi eru þrjá deildir með 90 konur og var 50% mæting á þingið, sem hún sagði hafa einkennst af faglegheitum, umræðum og gleði. Hún skilaði kveðju frá Janní í stýrihópi Evópuráðstefnunnar og hvatti konur til að koma á þingið. Evrópu forum sé umræðutorg Evrópukvenna innan samtakanna um menntamál eða sín mál. Education for everyone. Að hennar mati þurfi meiri umræðu á milli landanna. Hvetur okkur til að nota netið og skoða hverju við getum miðlað. Við getum t.d. safnað lista yfir rannsóknir. Hún óskaði nýrri stjórn velfarnaðar.

Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Alfadeild, óskaði nýrri stjórn velfarnaðar og bað Lynn Schmid að skila kveðju til alþjóðasamtakanna. Hún benti á að það að sitja í stjórn landssambandsins gæfi frekari kost á að taka þátt í alþjóðastarfinu.

Jóna Benediktsdóttir, formaður lotadeild, sagðist eiga sér þann draum að sameina félag kennara á Vestfjörðum í eitt. Finnst dagskráin á þinginu hafa verið eins og sniðin inn í þann draum. Dagskrá eins og hefði verið á þinginu gæti einnig gefið samtökunum tekjur með því að selja inn á ráðstefnur.

Nýkjörinn forseti, Guðbjörg Sveinsdóttir, þakkaði fyrir traust. Hún sagði að við ættum að nýta mannauðinn vel í deildunum. Sigríður óskaði Guðbjörgu velfarnaðar, sagði hana hafa verið „súper“ gjaldkera og yrði örugglega „súper formaður“. Sigríður færði Guðbjörgu rós.

Heiðrun kvenna sem standa eða hafa staðið framarlega á sviði menntamála eða málum í þeirra þágu.

Heiðraðar: Jenna Jensdóttir í Alfa deild og Rannveig Löve í Gamma deild. Steinunn Ármannsdóttir kynnti Jennu Jensdóttur og fór yfir æviágrip hennar. Sigrún Jóhannesdóttir kynnti Rannveigu Löve og vísaði í viðtal við hana í fréttablaði DKG 2010.

Rannveig tók til máls og sagði m.a. „Ég hef aldrei gert nema það sem var nauðsynlegt. Maður varð að sinna starfi sínu eins og manni hafði verið gefinn möguleiki til. Ég var alltaf að, af því að það var nauðsynlegt.“ Rannveig sagði síðan eftirminnilega frá ógleymanlegum atvikum úr skólastarfinu.

11. Þingslit

Krstin Jóhannesdóttir, formaður menntamálanefndar, þakkaði Sigríði Rögnu fyrir hönd nefndarinnar fyrir einstaka samvinnu. Sigrún Jóhannesdóttir, fundarstjóri, þakkaði fyrir góða samvinnu við formann landssambands. Sigríður Ragna þakkaði Margret Trybus og Lyn Schmid fyrir þeirra framlag þeirra og færði þeim rós og gjöf. Sigríður Ragna þakkaði öllum sem komu að þinginu og sagði því slitið með orðunum: „Látum ekki standa við orðin tóm heldur látum verkin tala.“